

Hluti vitalsgreinar:

„Hrærð, stolt og ánægð“

Kristín Eiríksdóttir, Unnur Þóra Jökulsdóttir, Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin. Myndabók verðlaunuð í fyrsta sinn í nýjasta flokknum

## Kallar eftir meiri umræðu

„Ég er afskaplega ánægð með að myndabók hafi orðið fyrir valinu í ár. Mér fannst við vera í góðum hópi, enda hinar tilnefndu bækurnar alveg frábærar. Ég er sannfærð um að þær bækur eigi líka eftir að sjást víða,“ segir Áslaug Jónsdóttir, einn þriggja höfunda bókarinnar *Skrímsli í vanda*. Frá því byrjað var að verðlauna í flokki barna- og ungmennabóka árið 2013 hafa aðeins skáldsögur unnið flokkinn og er *Skrímsli í vanda* fyrsta myndabókin sem sigrar.

Innt eftir því hvort Íslensku bókmenntaverðlaunin muni hjálpa skrímslabókaflokknum á erlendri grundu bendir Áslaug á að bókunum vegni nú þegar vel erlendis. „Þær eru komnar út á yfir 15 tungumálum, þeirra á meðal kínversku og arabísku og senn á rússnesku. Ég er sannfærð um að verðlaunin muni hjálpa bókunum enn frekar. Það besta við viðurkenningar er að þær leiða til aukinnar

umræðu,“ segir Áslaug og kallar eftir enn meiri umræðu, bæði um fjöllum og gagnrýni, um barnabækur í íslenskum fjölmiðlum.

## Snýst um samkenndina

*Skrímsli í vanda* er níunda bókin í bókaflokknum um skrímslin, sem hóf göngu sína árið 2004 með *Nei! sagði litla skrímslið*. Spurð hvort nýjasta bókin sé sú besta að mati höfundar svarar Áslaug: „Þetta er sú bók sem stendur hjarta mínu næst út af efninu. Þarna erum við að skoða tilfinningar sem geta verið erfiðar, þ.e. sjálfsselska, afbrýðisemi og ótti við missi. Þegar þriðja skrímslið kemur í heimsókn, illa til reika, kemur í ljós að það er heimilislaust og vill fá að búa hjá litla skrímslinu. Við erum að skoða hvaða tilfinningar bærast með þeim sem fá vin í vanda í heimsókn og hvernig við bregðumst við. Ég held að allir þurfi að viðurkenna og skoða þær blendnu tilfinningar sem slíkar aðstæður vekja. Í grunninn snýst þetta um getuna til að geta sett sig í spor annarra. Við getum öll lent í þeim aðstæðum að verða heimilislaus. Það hefur gerst hér á Íslandi út af náttúruhamförum. Ég held að við verðum að horfa á heiminn út frá okkur sjálfum – viljum við sjálf fá hjálp ef við lendum í erfiðum aðstæðum?“ spyr Áslaug og bendir á að öll stjórnunumst við af tilfinningum og því sé mikilvægt að skoða þær vel.

## Óþrjótandi brunnur

„Það er svo gott að nota skrímsli til að skoða tilfinningar. Skrímsli eiga oft að vera hræðileg, en þau eru sjálf hrædd við margt. Þegar þau eru hræðileg þá eru þau birtingarmynd þess hræðilega í okkur sjálfum, enda eru skrímsli fulltrúar okkar mannfólksins á einn eða annan hátt.“ Spurð hvort höfundapríeykið sé þegar farið að

leggja drög að næstu skrímslabók svarar Áslaug því játandi.

„Þetta virðist vera óþrjótandi brunnur. Við erum þegar tilbúin með tvö handrit sem við eigum eftir að leggjast betur yfir. Í samstarfi okkar leggjum við fram handrit hvert og eitt sem fer síðan í gegnum umræðu og gagnrýni hjá hinum tveimur. Þannig eignumst við öll hlutdeild í textanum,“ segir Áslaug og tekur fram að oft sé einfaldast að fá góða hugmynd. „Aðalvinnan fer í að útfæra hugmyndina í það form sem við erum sátt við, þannig að frásögnin standi sem sjálfstætt verk.“

Aðspurð segist Áslaug hafa unnið skrímslabækurnar á starfslaunum. „Ég er svo ljónheppin að hafa fengið starfslaun til að vinna við barnabækur, sem er ómetanlegt því annars hefðu þessar bækur ekki orðið til,“ segir Áslaug og tekur fram að hún sæki ávallt um starfslaun til að skila heildarverki. „Ég skrifa, myndlýsi, brýt um bækurnar og kem þeim í prentsmiðjuna. Allt á að hanga saman. Myndirnar fæðast um leið og textinn,“ segir Áslaug og bendir á að það taki oft nokkra mánuði að myndlýsa bók á borð við skrímslabækurnar. „Sumir halda að þetta sprautist út úr prentanum hjá manni. Á bak við hverja hugmynd sem maður notar eru ótal hugmyndir sem maður hefur hafnað. Öll sú vinna sem liggur að á bak við hverja bók er ósýnileg,“ segir Áslaug.

Spurð hvort höfundarnir þrír séu búnir að ákveða í hvað verðlaunafénu verði varið svarar Áslaug kímín: „Kannski ég noti minn hlut til að borga niður námslánin. En að öllu gamni slepptu, þá verður verðlaunaféð nýtt í áframhaldandi skrif. Þetta fer allt í það að vera skapandi manneskja,“ segir Áslaug.